

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

#### *Vesturgata 133, deiliskipulag stofnanareits.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 14. október 2025 breytingu á deiliskipulagi stofnanareits vegna Vesturgötu 133. Í breytingunni felst stækkun sólstofu til suðvesturs, hækkun þaks og útlitsbreyting og viðbygging á annarri hæð íbúðarhúss á suðausturhlíð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *A- og B-reitur, deiliskipulag Sementsreits.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 14. október 2025 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, vegna A- og B-reits. Í breytingunni felst að reitir B7 og B8 verði sameinaðir í B7 og að reitir B9 og B10 verði sameinaðir í B9, ásamt lítilsháttar breytingum á lóðarstærðum, nýtingarhlutfalli og byggingarreitum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og öðlast þegar gildi.

#### *Skógarlundur 17 og 19, deiliskipulag Skógahverfis.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi Skógahverfis, áfanga 3C, vegna Skógarlundar 17 og 19. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall á raðhúsalóðum að Skógarlund 17 og 19 verði lækkað í 0,5.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og öðlast þegar gildi.

#### *Smiðjuvellir 15, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. október 2025 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Smiðjuvalla 15. Breytingin felst í stækkun lóðarinnar í átt að Akranesvegi. Stækkun lóðarinnar nemur um 871,5 fm til norðurs, heildarstækkun lóðarinnar er 881,8 fm, úr 11.351,7 fm í 12.233,2 fm og bílastæðum fjölgar um 40 á lóðinni.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Smiðjuvellir 12-22, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. október 2025 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Smiðjuvalla 12-22. Í breytingunni felst að auka íbúðafjölda frá 266 og upp að 268, breytingar á greinargerð um svalaganga og séráfnareitir á jarðhæð verða 4 m frá húsi í stað 3 m. Breyting er gerð á byggingarreit atvinnuhúsnæðis, annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 12. nóvember 2025.*

**Halla Marta Árnadóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 26. nóvember 2025